



Fundargerð

434. fundur í sveitarstjórn Skaftárhrepps, haldinn á Kirkjubæjarstofu, Kirkjubæjarklaustri kl. 13:00 fimmtudaginn 11. júlí 2019. Þetta er 7. fundur ársins.

Fundargerð er tölvuskráð af Söndru Brá Jóhannsdóttur sveitarstjóra og er 8 blaðsíður. Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins.

Eva Björk Harðardóttir oddviti býður fundarmenn og áheyrendur velkomna. Jóna Björk Jónsdóttir aðalmaður Z-lista og Katrín Gunnarsdóttir aðalmaður D-lista boða forföll. Í þeirra stað eru Gústaf B. Pálsson 1. varamaður Z-lista og Unnur Einarsdóttir Blandon 2. varamaður D-lista. Mættir eru undirritaðir sveitarstjórnarmenn.

Oddviti óskar eftir viðbót við dagskrá, að við málefnnaskrá bætist;

II. Málefni til umfjöllunar

7. 1811008 Beiðni um styrk að upphæð 2.000.000,- til að tryggja rekstur Kirkjubæjarstofu á næstu mánuðum. Kirkjubæjarstofa, dags. 09.07.2019
8. 1810007 Tillaga að viðauka 5 við fjárhagsáætlun Skaftárhrepps 2019

III. Fundargerðir til kynningar

6. Fundargerð 547. fundar stjórnar SASS, dags. 28.06.2019

Dagskrárbreyting samþykkt.

Sveitarstjóri og oddviti greina frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundi

Sveitarstjóri fór á stjórnarfund Bergrisans á Selfossi 26. júní sl. en sama dag voru sveitarstjóri og hjúkrunarstjóri Heilsugæslunnar á Kirkjubæjarklaustri með fyrirlestur í norræna húsinu um reynslu Skaftárhrepps af fjarheilbrigðisþjómustu. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið stóð fyrir málþingi um fjarheilbrigðisþjómustu í tilefni af forsæti Íslands í norrænu ráðherranefndinni. Símafundur var haldinn í vinnuhóp vegna heimavistar við FSU þar sem ákveðið var að leita eftir viðtækum stuðningi sveitarfélaganna á Suðurlandi við verkefnið. Fulltríuar Dattaca Labs komu á fund til að fara yfir þjómustusamning og áframhaldandi þjómustu vegna persónuverndarfulltrúa. Tveir verkfundir hafa verið haldnir vegna útboðsverkefnanna við skólanum þ.e. bilaplansins og lyftunnar. Framkvæmdir eru farnar af stað ásamt því að unnið er að breytingu á bílaplaninu við leikskólann, gangstéttar viðgerðum og undirbiúningi vegna yfirlagningará Klausturvegi. Auglýst hefur verið hreinsunarátak í dreifbýli líkt og undanfarin ár. Framundan er fundur vegna endurskoðunar aðalskipulags. Fundur með Vegamálastjóra og svæðisskjóra Vegagerðarinnar á Suðurlandi 19. ágúst. Skrifstofan verður lokuð vegna sumarleyfa frá 22. júlí til og með 9. ágúst nk.

I. Fundargerðir til samþykktar

1. 1807011 Fundargerð 164. fundar fræðslunefndar, dags. 26.06.2019

Kl. 16:00 – Kirkjubæjarskóli á Síðu.

b) Drög að persónuverndarstefnu

Skólastjóri fer yfir drög að persónuverndaryfirlýsingum Kirkjubæjarskóla sem unnin hafa verið af fyrirtækinu Dattaca Labs eh. Fyrir Skaftárhrepp. Skólastjóri leggur til breytingu á grein 6 er varðar geymslu gagna og leggur til að Héraðsskjallasafni Rangár- og Vestur-Skaftafellssýslu verði falið að geyma gögnin í stað Þjóðskjalasafns Íslands. Fræðslunefnd samþykkir drögum og breytinguna fyrir sitt leyti og felur skólastjóra að vísa drögum um Persónuverndaryfirlýsingum Kirkjubæjarskóla til sveitarstjórnar til samþykktar.



Skaftárhreppur

Sveitarstjórn samþykkir persónuverndaryfirlýsing� Kirkjubæjarskóla á Síðu.

Kl. 17:00 – Heilsuleikskólinn Kæribær.

g) Jafnréttisáætlun.

Jafnréttisáætlun Heilsuleikskólans Kærabæjar hefur fengist samþykkt frá jafnréttisstofu. Fræðslunefnd gerir ekki athugasemd við jafnréttisáætlunina

Sveitarstjórn staðfestir jafnréttisáætlun Heilsuleikskólans Kærabæjar

h) Stefna og viðbragðsáætlun í eineltismálum.

Fræðslunefnd samþykkir fyrir sitt leytu Stefnu og viðbragðsáætlun í eineltismálum.

Sveitarstjórn staðfestir Stefnu og viðbragðsáætlun Heilsuleikskólans Kærabæjar í eineltismálum.

e) Mötuneytismál leikskólans.

Erfiðlega hefur gengið að fá þjónustu í mötuneyti Heilsuleikskólans Kærabæjar þegar Kirkjubæjarskóli er ekki starfandi þ.e. Kirkjubæjarskóli fer í summar,-páska- og jólaleyfi. Ljóst er að endurskoða þarf fyrirkomulag í mötuneytismálum hjá Skaftárhreppi og hvetur fræðslunefnd sveitarstjórn til að skipa starfshóp, með því fólk sem kemur að rekstri mötuneyta í sveitarfélagini í dag, til að fara heilstætt yfir mötuneytismál hjá Skaftárhreppi til að bregðast við vanda sem steðjar að öryggi í mötuneytismálum hjá Skaftárhreppi.

Sveitarstjórn þakkar ábendinguna og skipar formann fræðslunefndar, hjúkrunarforstjóra Klauursturhóla, matráð mötuneytis Kirkjubæjarskóla, leikskólastjóra, skólastjóra og sveitarstjóra til að vinna að framgangi málsins. Sveitarstjóra falið að kalla hópinn saman.

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.

2. 1801006 Fundargerð 148. fundar skipulagsnefndar, dags. 25.06.2019

2. 1604007 Deiliskipulag Hrífunes, Landnúmer 163373

Samkvæmt gildandi aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022 er landnotkun fyrir Hrífunes (Landnr. 163373) skilgreind sem verslunar- og þjónustusvæði. Núverandi byggingar á lóðinni eru Gistihús byggt 1947 (Mhl 04), Gisthús byggt 1954 (Mhl 03) og Gistihús byggt 2014 (Mhl 05). Skilgreindur er nýr byggingarreitur samtals 375 m² fyrir viðbyggingu/stakstæða byggingu austanmegin við núverandi gistihús (Mhl 04). Byggingin rúmar gistiherbergi ásamt íbúð fyrir staðarhaldara. Byggingin er einnar hæðar með kjallara. Leyfilegt byggingarmagn á reitnum er 420 m²

Tillagan var auglýst frá **3.april til 22.maí 2019**. Engar athugasemdir bárust á athugasemdatíma. Fyrir liggja umsagnir Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Minjastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

Skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagstillöguna með tilliti til ofangreindra umsagna. Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að ljúka málínu.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

GRP.

HJH

*BVG
WB*



Skaftárhreppur

3. 1906010 Slétta lóð – Umsókn um fullnaðarskráningu lóðar 163444

Páll Elíasson kt. 290552-3039 óskar eftir fullnaðarskráningu lóðar 163444 skv. meðfylgjandi gögnum.

Skipulagsnefnd samþykkir erindið

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

4. 1906011 Ríkiseignir – Staðfesting landskipta og hnitasetning landamerkjja jarða.

Ríkiseignir kt. 690981-0259 fh. Landeiganda, Ríkissjóðs Íslands óska eftir staðfestingu sveitarfélagsins á landskiptum/landamerkjum jarðanna Bakkakot 1, lnr. 163302, Bakkakot 2, lnr. 163303, Strönd-Rofabær, lnr. 163428, Rofabær 1, lnr. 163427 og Sandasel, lnr. 163430. Sjá nánar í meðfylgjandi gögnum.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við að sveitarstjórn staðfesti landskiptin.

Sveitarstjórn staðfestir landskiptin.

10. 1901004 Þéttung byggðar á Kirkjubæjarklaustri – Tillaga að Ask breytingu

Um er að ræða verulega breytingu á aðalskipulaginu þar sem lögð er til breyting á texta í greinargerð í kafla 3.1 íbúðarsvæði en ekki er gerð breyting á aðalskipulagsuppdrætti.

Breytingin felur í sér leiðréttingu á texta þar sem kemur fram að svæðið sé fullbyggt en eftir breytingu er leyfilegt að byggja 19 nýjar íbúðir, á aðalskipulagsuppdrætti er svæðin sýnd stærra en byggðar lóðir en Preststúnið og svæði við læknisbústað hafa lengi verið hugsuð sem framtíðar íbúðarsvæði á Kirkjubæjarklaustri.

Skipulagslýsingin var kynnt frá 15. maí - 31. maí 2019 og barst ein umsögn frá Veðurstofu Íslands, móttokin 20. júní 2019. Í umsögninni kemur m.a. fram að Veðurstofan telur óæskilegt að byggja svo mörg hús á hættusvæði, sér í lagi efstu húsaraðirnar á reitunum tveimur.

Á hættusvæðum A er heimilt að reisa nýtt íbúðar- og atvinnuhúsnæði, það er heimilt er að reisa nýtt íbúðar- og atvinnuhúsnæði án sérstakra styrkinga nema hvað styrkja þarf hús þar sem búist er við miklum mannsöfnuði (svo sem fjölbýlishús, skóla, sjúkrahús) og íbúðarhús með fleiri en fjórum íbúðum. Í hættumatsgreinargerðinni sem fylgir hættumatinu fyrir Kirkjubæjarklausturs segir m.a. að skv. hættumatsreglugerð er heimilt að reisa sumt atvinnuhúsnæði á þegar skipulögðum B-svæðum og sumt íbúðarhúsnæði á þegar skipulögðum A-svæðum án þess að krafist sé neinna styrkinga (sjá nánar í reglugerðinni). Svæðið sem um ræðir hér hefur lengi verið skilgreint sem íbúðarsvæði í aðalskipulagi þrátt fyrir að ekki hafa áður verið í gildi deiliskipulag á svæðinu. Í hættumatinu er þó ekki mælt með því að óstyrkt atvinnu- eða íbúðarhúsnæði verði reist á skilgreindum hættusvæðum á Klaustri nema að vel athuguðu máli þótt ákvæði núverandi reglugerðar kunní að heimila slíkt í ákveðnum tilvikum.

Skipulagsnefnd samþykkir breytinguna og felur skipulagsfulltrúa að óska leyfis Skipulagsstofnunar til að auglýsa tillöguna í samræmi við 31. gr. Skipulagslag nr. 123/2010.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.

GBR
HJW BNG



Skaftárhreppur

3. 1801006 Fundargerð 149. fundar skipulagsnefndar, dags. 09.07.2019

2. 1606007 Deiliskipulagstillaga fyrir Hrifunes 213047

Deiliskipulagið nær til verslunar og þjónustusvæðis á lóð með landnúmer 213047 sem er í Hrifunesi í Skaftárhreppi. Heildarstærð skipulagssvæðisins er 3500 m². Deiliskipulagið tekur til íbúðarhúss, ferðaþjónustuhúsa og bílastæða. Í aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022 er svæðið skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði, V2 sem er 19ha og er ætlað fyrir veitingaþjónustu og bændagistingu. Deiliskipulagið nær aðeins til hluta þess.

Tillagan var auglýst frá **22. maí - 3. júlí 2019**. Engar athugasemdir bárust á athugasemdatíma. Fyrir liggja umsagnir Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Minjastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

„Skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagstillöguna að teknu tilliti til ofangreindra umsagna. Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.“

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

4. Brunná – Beiðni um framkvæmdaleyfi frá Vegagerðinni.

Vegagerðin óskar eftir framkvæmdaleyfi vegna breikkunar brúar yfir Brunná og 10.000 m³ efnistöku á og í nágrenni svæðisins. Fyrir liggur samþykki landeiganda Þórhalls Helgasonar, Núpum.

„Skipulagsnefnd samþykkir framkvæmdaleyfið, en gerir kröfu um að sérstaklega sé gert ráð fyrir umferð gangandi og hjólandi vegfarenda yfir brína.“

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

7. 1907004 Hunkubakkar – Stöðuleyfi fyrir 2 íbúðagánum

Ferðaþjónustan Hunkubökum ehf. óskar eftir stöðuleyfi fyrir 2 íbúðagánum fyrir starfsfólk.

„Skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um að fullnægjandi afstöðumynd verði lögð fram.“

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.

4. 1809006 Fundargerð 32. fundar umhverfis- og náttúruverndarnefndar, dags. 01.07.2019
19020111 1. Umhverfismarkmið

Sveitarstjórn sendi umhverfismarkmiðin til nefnda og þar sem engar athugasemdir hafa komið fram leggur Umhverfis- og Náttúruverndarnefndin til að þau verði samþykkt.

EBH, BG, AH og UEB samþykkja umhverfismarkmið fyrir Skaftárhrepp. GBP situr hjá við afgreiðslu málsins. Sveitarstjóra falið að kynna þau á vefsíðu sveitarfélagsins og á samfélagsmiðlum.

3. Garðúrgangur

Nefndin hvetur til þess að settur verði upp gámur fyrir garðaúrgang og/eða gefnar verði út leiðbeiningar hvar hægt er að losna við garðaúrgang.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að vinna að viðeigandi lausnum.

GBP
F.H.
BNG



Skaftárhreppur

7. Uppgræðsla í landi Ár.

Umhverfis- og náttúruverndarnefnd hvetur sveitarstjórn um að hafa frumkvæði að boðun til fundar í samráðshópi um tillögur að svæðum fyrir skógrækt og landgræðslu með það í haga að hraða uppgræðslu í landi Ár. Þegar vind hreyfir er mikið fok úr farvegum Skaftár og þarf að leita leiða til að koma í veg fyrir það sem fyrst.

Sveitarstjóra falið að boða til fyrsta fundar samráðshópsins.

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.

5. 1809005 Fundargerð 84. fundar menningarmálanefndar, dags. 02.07.2019

1. Erindu frá Ewu Górecka. Ewa og fleiri hafa verið að vinna mikið með Guðmundi Óla Sigurgeirssyni, hafa meðal annars flutt tónverk eftir hann. Hópurinn ætlar að frumflytja nýtt verk, Undanvillingur, eftir GÓS á Skógum 31. ágúst 2019. Erindið til menningarmálanefndar er að spyrja hvort sé mögulegt að styrkja þetta verkefni? Nefndin samþykkir að veita Ewu Górecka, og félögum hennar í hljómsveitinni Open Squad, 125 000 kr vegna ferðakostnaðar og til flutnings á hljóðfærum.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar. Tekið af lið 0589-4392.

Aðrir liðir fundargerðar kynntir sveitarstjórn.

II. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. 1701004 Beiðni um umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfi í Jórvík 1, fnr. 218-9772 matshl.15 0101, 16 0101, 17 0101, í flokki II. Sýslumaðurinn á Suðurlandi, dags.01.07.2019

EBH, UEB, GBH og AH gera ekki athugasemdir við veitingu leyfisins með fyrirvara um samþykki amarra umsagnaraðila. BG situr hjá við afgreiðslu málsins vegna aðkomu sinnar á síðari stigum sem slökkviliðsskjóri.

2. 1907002 Beiðni um umsögn vegna umsóknar N29 um rekstrarleyfi í Hæðargarður K-1 b lóð fnr.219-0980 í flokki II. Sýslumaðurinn á Suðurlandi, dags. 03.07.2019.

Sveitarstjórn hafnar veitingu leyfisins þar sem veiting rekstrarleyfis í fristundabyggð samræmist ekki skipulagsáætlunum sveitarfélagsins. Ekki er heimilt að veita leyfi fyrir verslun og þjónustu nema á þar til skilgreindum reitum.

3. 1907003 Ályktun um skort á loftgæðamælingum í Skaftárhreppi vegna leirfoks í kjölfar Skaftárhlaupa.

Siðustu misseri hefur leirfok úr farvegi Skaftár verið mikið, leggst þá svifryk yfir nærliggjandi svæði og fer það trúlega oft hátt yfir heilsuverndarmörk. Engir svifryksmælar eru þó á svæðinu en slikt ætti að vera grundvallaratriði til að fylgjast með ástandinu og senda út viðvaranir til þeirra sem viðkvæmir eru. Því er það ósk sveitarstjórnar Skaftárhrepps að Veðurstofa Íslands eða sambærileg stofnun standi að uppsettningu svifryksmæla við Skaftá og fylgist með svifryksmengun.

4. 1902010 Stefnumótun í Skaftárhreppi með hliðsjón af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna

Niðurstöður og samantekt vinnufunda vegna vinnu við innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna voru kynntar á Hótel Klaustri 9. júlí sl. ásamt því að unnið var áfram með niðurstöðurnar. Yfirmskumáld voru skilgreind sem munu greinast í fleiri undirmarkmið ásamt aðgerðaráætlun sem enn er unnið að.



Skaftárhreppur

Sveitarstjórn Skaftárhrepps er sammála um að eftirfarandi atriði verði höfð að leiðarljósi í þeim verkefnum sem unnið er að í sveitarfélaginu;

- Að gildi Skaftárhrepps séu Virðing – Jákvaðni – Samstaða – Sjálfbærni. Gildin skulu endurpeglast í því hugarfari sem við viljum að einkenni samfélagið i heild sinni og alla þá vinnu sem hér fer fram.

Hlutverk sveitarfélagsins, auk þess að sinna lögbundnum skyldum sínum, mun birtast í eftirfarandi áhersluverkefnum;

- Sem aðili að Vatnajökulsþjóðgarði og Kötlu jarðvangi er hlutverk Skaftárhrepps að bera ábyrgð á þróun byggðar í sátt við náttúruna. Sveitarfélagið ætlar að vera í fararbroddi í umhverfis- og loftslagsmálum á landsvísu með sjálfbæra nýtingu að leiðarljósi.
- Að styðja við sjálfbæra þróun atvinnulífs og vera rammi fyrir samfélag þar sem allir eiga jafna möguleika á að vaxa og dafna. Að byggja undir sanngjarna skiptingu auðlinda.
- Að virða lýðræði og vinna í sátt og samlyndi við íbúa sveitarfélagsins. Öllum hópum samfélagsins verði tryggt aðgengi að góðri og gagnsærri lögbundinni þjónustu. Að tryggja að markmið sveitarfélagsins með innleiðingu heimsmarkmiða sameinuðu þjóðanna náiist í samráði við íbúa.

Framtíðarsýn Skaftárhrepps er:

- Skaftárhreppur er eftirsóknarvert sveitarfélag þar sem heiðarleiki, samheldni, jafnræði, gagnkvæm virðing og bjartsýni einkennir öfluga uppbyggingu. Samstarf einkennir samfélagið og íbúar eru jákvædir og umburðarlyndir.
- Skaftárhreppur hefur sjálfbærni að leiðarljósi í allri ákvarðanatöku, verndar náttúruna og er leiðandi í umhverfismálum. Sveitarfélagið er með metnaðarfulla stefnu í umhverfismálum þar sem losun gróðurhúsalofttegunda er í lágmarki og fullkomin flokkun á sorpi og endurvinnslu er endamarkmið.
- Í Skaftárhreppi er miðstöð náttúruvísinda þar sem nýsköpun í sjálfbærni og öðrum greinum blómstrar.
- Í Skaftárhreppi eru öflugir innviðir sér í lagi til stuðnings menntunar barna og tómstunda. Byggt hefur verið upp dýnamískti samfélag þar sem krafstur, bjartsýni og frumkvæði ríkir ásamt framsýni og metnaði.

Skaftárhreppur mun leggja áherslu á innleiðingu eftirfarandi heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna;

3. Heilsa og velliðan,
9. Nýsköpun og uppbygging, ,
11. Sjálfbærar borgir og samfélög
13. Aðgerðir í loftslagsmálum

Sveitarstjórn er sammála um að ofangreind heimsmarkmið séu samnefnari fyrir þau markmið sem vinna þarf að svo framtíðarsýn sveitarfélagsins megi verða að veruleika.



Skaftárhreppur

5. 1805008 Framlenging á þjónustusamningi við Dattaca Labs vegna þjónustu persónuverndarfulltrúa.

Sveitarstjórn samþykkir að framlengja þjónustusamning við Dattaca Labs vegna þjónustu persónuverndarfulltrúa til eins árs. Sveitarstjóra falið að ljúka málmu með undirritun samningsins fyrir hönd sveitarfélagsins.

6. 1605019 Ályktun um heimavist við Fjölbautarskóla Suðurlands

Fyrir fundinum liggur eftifarandi tillaga vinnuhóps um heimavist við FSU að sameiginlegri ályktun sveitarfélaga á Suðurlandi;

Eftirtalin sveitarfélög sem eru eigendur að Fjölbautarskóla Suðurlands (FSU) krefjast þess að starfrækt verði heimavist við skólann. Sveitarfélögin skora á mennta- og menningarmálaráðherra að beita sér í málínu og skora jafnframt á skólanefnd og stjórnendur skólans til að vinna að uppbyggingu heimavistar.

Greinargerð:

Frá og með árinu 2016 var starfsemi heimavistar við Fjölbautarskóla Suðurlands hætt. Ungmenni af stóru svæði sem þessi sveitarfélög spanna eiga þess ekki kost að nýta sér almenningssamgöngur til að sækja nám og því er um alvarlegan forsendubrest samstarfs um skólann að ræða. Til þess að ungmenni þessa svæðis njóti jafnréttis til náms er mikilvægt að unnið verði hröðum höndum við að koma upp heimavist við skólann.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps þakkar vinnuhópnum fyrir ályktunina og felur sveitarstjóra að undirrita hana fyrir sína hönd.

7. 1811008 Beiðni um styrk að upphæð 2.000.000,- til að tryggja rekstur Kirkjubæjarstofu á næstu mánuðum. Kirkjubæjarstofa, dags. 09.07.2019

Sveitarstjórn þakkar erindið og EBH, AH, GBP og UEB samþykkja að veita 2.000.000 árið 2019 til reksturs Kirkjubæjarstofu. BG situr hjá við afgreiðsluna. Sveitarstjóra falið að útbúa viðauka vegna málsins.

8. 1810007 Tillaga að viðauka 5 við fjárhagsáætlun Skaftárhrepps 2019

Sveitarstjóri leggur fram eftifarandi tillögu að viðauka við fjárhagsáætlun sveitarfélagsins 2019;

Stuðningur við Kirkjubæjarstofu að upphæð 2.000.000,- bætist við lið 1381-9991 í samræmi við ákvörðun í lið nr. 7 undir málefni til umfjöllunar og afgreiðslu frá 434. Fundi sveitarstjórnar Skaftárhrepps.

Aukning á launakostnaði vegna félagsmiðstöðvar í samræmi við hugmynd íþróttar- og tómstundanefndar um að vera með opna félagsmiðstöð tvo þriðjudaga í mánuði fyrir 5. – 7. bekk. Viðbótarlaunakostnaður félagsmiðstöðvar verður 700.000,- frá september til desember. Færð af lið 13603-1110 Fjaðrágljúfur launakostnaður á lið 0631-laum.

Rekstrarútgjöld A-hluta aukast um 2.000.000,-

Tekið af handbæru fó sem lækkar út 49,6 millj. í 47,6 millj.

Sveitarstjórn samþykkir viðauka vegna félagsmiðstöðvar. EBH, AH, GBP og UEB samþykkja viðauka um stuðning við Kirkjubæjarstofu en BG situr hjá vegna þess liðar viðaukans.



Skaftárhreppur

III. Fundargerðir til kynningar

1. Fundargerð 46. fundar stjórnar SSKS, dags. 12.06.2019. *Fundargerð kynnt.*
2. Fundargerð 7. fundar stjórnar Bergrisans bs., dags. 26.06.2019. *Fundargerð kynnt.*
3. Fundargerð 197. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands, dags. 11.06.2019. *Fundargerð kynnt.*
4. Fundargerð 40. fundar stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafelssýslu bs., dags. 25.06.2019. *Fundargerð kynnt.*
5. Fundargerð 872. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 21.06.2019. *Fundargerð kynnt.*
6. Fundargerð 547. fundar stjórnar SASS, dags. 28.06.2019. *Fundargerð kynnt.*

IV. Annað kynningarefni

1. Tilkynning um nauðungarsölu jarðarinnar Efri-Steinsmýri 1. Landslög, dags. 02.07.2019. *Kynnt.*
2. Afrit af erindi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands til Umhverfisstofnunar vegna Álfaversgíga – söfnun og urðun úrgangs innan friðlýsts náttúruvættis. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, dags. 03.05.2019. *Kynnt.*
3. Binding kolefnis og uppbyggingu skógarauðlindar á Íslandi til framtíðar, landsáætlun og landshlutaáætlanir í skógrækt. Skógræktin, dags. júní 2019. *Kynnt.*
4. Fasteignamat 2020. Þjóðskrá Íslands, dags. 24.06.2019. *Kynnt.*
5. Minnisblað til fjárlaganefndar Alþingis – Viðbótarrými á hjúkrunarheimilum. Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu, dags. 21.05.2019. *Kynnt.*
6. Eftirfylgni með úttekt á leikskólanum Kærabæ lokið. Mennta- og menningarmálaráðuneytið, dags. 24.06.2019. *Kynnt.*
7. Álagsprósentur fasteignaskatts. Samband íslenskra sveitarfélaga, dags. 26.06.2019. *Kynnt.*
8. Umsögn um samráðsskjál S-135/2019 – skilgreining á mörkum miðhálendisþjóðgarðs, skiptingu í verndarflokka o.fl. Samband íslenskra sveitarfélaga, dags. 28.06.2019. *Kynnt.*
9. Yfirlýsing um samstarf sveitarfélaga um loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Samband íslenskra sveitarfélaga, dags. 26.06.2019. *Kynnt.*
10. Svar við umsókn um fjárveitingu til styrkvega 2019. Vegagerðin 26.06.2019. *Kynnt.*
11. Forsendur fyrir vinnslu fjárheimilda ársins 2020 og fjárhagsáætlana til þriggja ára. *Kynnt.*
12. Breyting á reglugerð um Vatnajökulsþjóðgarð til umsagnar. *Kynnt.*
13. Drög að leiðbeiningum varðandi skólaakstur í grunnskóla. Mennta- og menningarmálaráðuneytið, dags. 21.06.2019. *Kynnt.*

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Næsti fundur sveitarstjórnar áætlaður 4. september 2019

Skrifstofa sveitarfélagsins verður lokað frá og með 22. júlí til og með 9. ágúst 2019.

Fundi slitið kl. 15:40

Eva Björk Harðardóttir

Bjarki Guðnason

Unnur Einarsdóttir Blandon

Gústaf B. Pálsson

Arndís Harðardóttir